Hörgársveit

Erindisbréf

Samgöngu-, umhverfis- og náttúrverndarnefnd

I. kafli

Verkefni nefndarinnar

1. gr.
Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd fjallar í umboði sveitarstjórnar um samgöngu- og umhverfismál samkvæmt erindisbréfi þessu. Nefndin gegnir jafnframt hlutverki náttúruverndarnefndar Hörgársveitar samkvæmt 14. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nefndin fer jafnframt með málefni vegakerfis sveitarfélagsins, heimreiða, göngu-, hjóla- og reiðstíga, almenningssamgangna, loftslagsmála, sorphirðu, náttúruverndar og landgræðslu eftir því sem við á.
2. gr.
Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði samgöngu-, umhverfis- og loftslagsmála sveitarfélagsins.

3. gr.
Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd:
a. Er sveitarstjórn til ráðuneytis í samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarmálum.
b. Gerir tillögur um uppbyggingu og viðhald vegakerfis sveitarfélagsins, þar með talið heimreiða.
c. Gerir tillögur um uppbyggingu og viðhald göngu-, hjóla- og reiðstíga í samráði við viðkomandi veghaldara, landeigendur og þá nefnd sem fer með skipulagsmál, eftir því sem við á.
d. Vinnur að eflingu umferðaröryggis í sveitarfélaginu.
e. Fjallar um málefni almenningssamgangna og tengingar sveitarfélagsins við samgöngukerfi nærliggjandi svæða.
f. Vinnur að loftslags- og umhverfismálum sveitarfélagsins og stuðlar að sjálfbærri þróun.
g. Hefur umsjón með málefnum sorphirðu, umgengni, fegrunar og ásýndar sveitarfélagsins.
h. Gegnir verkefnum náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Nefndin er sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál, stuðlar að náttúruvernd með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna og gerir tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar og Náttúruverndarstofnunar. Hún leitar aðstoðar og ráðgjafar stofnunarinnar þegar ástæða er til. Nefndin fjallar jafnframt um gróður- og landgræðslumál sem sveitarstjórn vísar til hennar.
i. Fjallar um eyðingu refa, minka og vargfugls samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi.
j. Annast önnur þau verkefni á sviði samgöngu- og umhverfismála sem sveitarstjórn kann að fela nefndinni.

4. gr.
Lög og reglugerðir sem varða verkefni Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar eru m.a.:

a. sveitarstjórnarlög nr. 138/2011,
b. vegalög nr. 80/2007,
c. umferðarlög nr. 77/2019,
d. lög um náttúruvernd nr. 60/2013,

e. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998,
f. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003,
g. lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum,
h. önnur lög og reglugerðir sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

Þá skal nefndin fara eftir samþykktum og reglum sem sveitarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar.

Nefndin skal hafa samráð við þá nefnd sem fer með skipulagsmál þegar náttúruverndarmál eða tillögur um vegi og stíga varða skipulag, landnotkun eða leyfisveitingar. Hún skal eiga samstarf við aðrar nefndir eftir því sem verkefni hennar gefa tilefni til.

II. kafli

Skipan nefndarinnar

5. gr.
Sveitarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm nefndarmenn í samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd til fjögurra ára og fimm til vara.

Sveitarstjórn kýs formann.

Sveitarstjóri annast tilkynningu til Náttúruverndarstofnunar um kjör nefndarinnar eftir sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.
Formaður samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram.

Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar.

Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

7. gr.
Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd heldur að jafnaði þrjá fundi á ári.

Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

8. gr.
Sveitarstjóri situr að jafnaði fundi samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

III. kafli

Yfirstjórn samgöngu- umhverfis- og náttúruverndarmála

9. gr.
Sveitarstjórn úthlutar fjárhagsramma til nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár. Á grundvelli hans gerir nefndin tillögu að verkefnum næsta almanaksárs á starfssviði nefndarinnar.

10. gr.
Formaður samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar er í forsvari fyrir nefndina um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á fjármálum málaflokksins og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

IV. kafli

Fundarsköp nefndarinnar

11. gr.
Um fundarsköp á fundum samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send aðalmönnum í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundir samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna situr fund. Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og tölvuskráðar og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

12. gr.
Fundir samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðabók og tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar, svo sem hér segir:

Í fundargerðabók skal færa:
a. Númer fundar.
b. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
c. Upphafstíma fundar.
d. Að fundargerð sé færð í tölvu.
e. Fundarslitatíma.
f. Blaðsíðutal fundargerðar.

Viðstaddir nefndarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabókina í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:
a. Fundartíma og fundarstað.
b. Nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn.
c. Nöfn starfsmanna sem sækja fundinn.
d. Heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir.
e. Greinargóða lýsingu á hverju fundarefni.
f. Bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við.
g. Ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum.

Einnig skulu formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusett skal í áframhaldandi töluröð.

Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar á skrifstofu Hörgársveitar. Sveitarstjóri sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd, um málalok. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Hörgársveitar.

Skrifstofa sveitarfélagsins annast tilkynningar um niðurstöður mála sem nefndin hefur heimild til að afgreiða. Þegar nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar er niðurstaða tilkynnt að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar.

13. gr.
Fundargerðabók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl sem snerta starf nefndarinnar skulu varðveitt á skrifstofu Hörgársveitar.
Þegar mál varðar einstakling skal skrá afgreiðslu þess í sérstaka trúnaðarmálabók sem vera skal í vörslu nefndarinnar.

Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

14. gr.
Fundargerðir samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi til fullnaðarafgreiðslu á þeim málum sem þar eru tekin fyrir.
Sveitarstjórn getur veitt nefndinni heimild til fullnaðarafgreiðslu á einstökum málum.

V. kafli

Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

15. gr.
Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig samþykkt um stjórn og fundarsköp Hörgársveitar.

Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

16. gr.
Um hæfi nefndarmanna í samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. samþykktar um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

17. gr.
Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi.

Sé nefndarmaður í samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

18. gr.
Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra fundarmenn.

VI. kafli

Málsmeðferðarreglur nefndarinnar

19. gr.
Við meðferð mála hjá samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

20. gr.
Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir samgöngu- umhverfis- og náttúrverndarnefnd áður en tekin er ákvörðun enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

21. gr.
Um aðgang aðila máls að gögnum þess fer samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Um almennan aðgang að gögnum fer samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012, eftir því sem við á.

22. gr.
Ákvörðun samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar skal tilkynnt aðila máls.

Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda.

Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kæru- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

VII. kafli

Endurupptaka máls

23. gr.
Eftir að samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til sveitarstjórnar.

VIII. kafli

Stjórnsýslukæra

24. gr.
Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefndar til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nefndarinnar nema lög leiði til annars frests.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

IX. kafli

Gildistaka

25. gr.
Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn og fundarsköp Hörgársveitar, var samþykkt af sveitarstjórn Hörgársveitar 1. september 2026 og tekur þegar gildi.